

MEGINKRÖFUR KVENNAÁRS 2025

KVENNAÁR

2025

AD KVENNAÁRI STANDA 34 SAMTÖK FEMÍNISTA,
KVENNA, LAUNAFÓLKS, FATLAÐS FÓLKS OG HINSEGIN
FÓLKS



Meginkröfur Kvennaárs 2025

NÚ VERÐUR AÐ GRÍPA TIL AÐGERÐA!

Á Íslandi er langt í land þar til fullu jafnrétti er náð. Konur og kvár búa enn við margvíslega mismunun, launamisrétti og hér geisar faraldur kynbundins ofbeldis. Ákveðnir hópar eru verst settir; konur af erlendum uppruna, hinsegin konur, fatlaðar konur, láglaunakonur og heimilislausar konur. Kynjamisrétti gengur á heilsu og velferð kvenna, en konum hefur fjölgað meðal örorkulífeyrisþega.

Í hálfra öld hafa konur, og nú kvár, komið saman 24. október til að krefjast aðgerða í þágu jafnréttis í íslensku samfélagi. Í fyrra lögðu yfir 100.000 konur og kvár niður störf til þess að krefjast breytinga, en lítið hefur breyst og nú verður að grípa til aðgerða. Aðgerða gegn ofbeldi, aðgerða gegn launamun kynjanna, aðgerða til að bæta stöðu mæðra og aðgerða gegn mismunun á vinnumarkaði.

Vanmat á kvennastörfum og launajafnrétti

Atvinnutekjur kvenna eru um 21% lægri en karla. Helsta ástæða launamunar kynjanna er kynjaskiptur vinnumarkaður og vanmat á hefðbundnum kvennastörfum. Vinnudagar kvenna af erlendum uppruna eru lengri og óreglulegri en almennt meðal kvenna á Íslandi og laun þeirra eru lægri.

Konur sem starfa við ræstingar og umönnun barna fá lægstu launin í íslensku samfélagi. Fjárhagslegt sjálfstæði er forsenda þess að tryggja öryggi og frelsi kvenna og kvára. Stjórnvöld þurfa að standa með konum og kvárum og grípa til aðgerða.

STJÓRNVÖLD ÞURFA AÐ:


- Leiðréttu kerfisbundið vanmat á kvennastörfum.
- Tryggja að hægt sé að bera saman jafnverðmæt störf þvert á vinnustaði.
- Klára vinnu við heildstætt virðismatskerfi og endurskoða starfsmat sveitarfélaga. Tryggja sambærilegt kerfi fyrir viðbótarlaun.
- Koma á samningaleið sem auðveldar einstaklingum að reisa jafnlaunakröfur.
- Setja reglur um launagagnsæi byggða á fyrirmynd ESB, en taka sérstakt tillit til íslenska vinnumarkaðarins og tryggja virkt eftirlit.



Ólaunuð vinna kvenna og umönnunarábyrgð

Konur þurfa oft að minnka við sig launaða vinnu til að sinna ólaunaðri vinnu innan veggja heimilisins. Yfir helmingur barna fær ekki leikskólaláss fyrr en eftir 18 mánaða aldur. Umönnunarbilið bitnar verr á tekjum, tækifærum og lífeyrisréttindum mæðra en feðra. Tekjur mæðra lækka um 30-50% við

fæðingu barns og á þriðja ári barnsins eru þær enn umtalsvert lægri en áður. Tekjur feðra lækka hins vegar um 3-5% við fæðingu barns en eftir ár eru þær orðnar þær sömu og áður. Einstæðar mæður eiga mjög erfitt með að ná endum saman.



STJÓRNVÖLD ÞURFA AÐ:

- Lögfesta rétt barna til leikskólavistar strax að loknu fæðingarorlofi.
- Afnema skerðingar á lægstu greiðslum í fæðingarorlofi og tryggja að fæðingarorlofsgreiðslur verði aldrei lægri en lágmarkslaun.

Kynbundið ofbeldi

Um 40% kvenna hafa orðið fyrir ofbeldi á lífsleiðinni, en trans fólk, þ.m.t. kvár og annað kynsegin fólk, fatlaðar konur og konur af erlendum uppruna, eru líklegri til að verða fyrir ofbeldi en aðrir samfélagshópar. 15% stúlkna í 10. bekk og 6% drengja hafa orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi af hendi annars unglings. Ofbeldi í netheimum getur verið jafn alvarlegt og ofbeldi í raunheimum, en 58% stúlkna og 35% drengja hafa orðið fyrir stafrænu kynferðisofbeldi. Þau sem sinna ungum brotapolum kynferðisofbeldis sjá í vaxandi

mæli sterk tengsl á milli kláms og lýsinga þolenda á ofbeldinu. Neysla kláms meðal barna og unglinga er orðin svo almenn að sú upplýsingagjöf er margföld á við raunverulega kynfræðslu. Fólk sem vinnur með börnum og unglingum sér áþreifanleg áhrif kláms á samskipti þeirra: markaleysi, virðingarleysi, óvelkomnar snertingar og gróft klámtal. Auk þess þarf að bregðast við hatursorðræðu og fordómum gagnvart hinsegin ungmennum með viðeigandi fræðslu í skólum.

STJÓRNVÖLD ÞURFA AÐ:

- Gera dómurum, ákærendum, lögreglunni og öðrum sem koma að málum er varða kynbundið ofbeldi skylt að fá fræðslu um kynbundið ofbeldi og afleiðingar þess. Sérstaklega skal tryggja þekkingu á stöðu jaðarsettra hópa í samfélaginu.
- Tryggja að brotapolar fái fullnægjandi þjónustu eins og túlkþjónustu og aðgengi í samskiptum við opinberar stofnanir.





STJÓRNVÖLD ÞURFA AÐ:


- Endurskoða lög um nauðganir, önnur kynferðisbrot og annað kynbundið ofbeldi, til að fanga meðal annars brot í netheimum og á samskiptamiðlum.
- Hefta aðgengi ungmenna að klámi með aðgangsstýringu.
- Kynjafræði, hinseginfræði og menntun um birtingarmyndir kynbundins ofbeldis og samskiptafærni verði færð inn í námskrá grunn- og framhaldsskóla.
- Tryggja aðgengi ungs fólks að nafnlausri ráðgjöf og spjalli við ráðgjafa.

Töluvert vantar upp á að nálgunarbann hafi tilætluð áhrif þar sem brot gegn því hefur ekki afleiðingar umsvifalaust. Nær væri að brot varðaði sektum sem lagðar væru á þegar brot er framið. Algengt er að þegar konur og kvár afhjúpa ofbeldi sem þau verða fyrir og krefjast þess að gerendur verði gerðir ábyrgir með einhverjum hætti sé slegið harkalega til baka, meðal annars

með meiðyrðarmáli sem stefni fjárhagslegri framtíð í hættu, ekki síður en andlegri líðan uppljóstrara. Hatursorðræða á grundvelli kyns og kynferðis er orðin áberandi og útbreidd. Í nýjustu skýrslu alþjóðlegrar eftirlitsnefndar um afnám mismununar gagnvart konum er brýnt að á Íslandi sé þörf á löggjöf sem geri hatursorðræðu þessa refsiverða.

VIÐ KREFJUMST ÞESS AÐ:

- Brot á nálgunarbanni hafi afleiðingar þannig að bannið hafi áhrif og lögreglan fái rýmri heimildir til að beita nálgunarbanni.
- Sett verði lög um vernd uppljóstrara í kynferðisbrotamálum sem nái til brotþola sem greina frá ofbeldi.
- Hatursorðræða á grundvelli kynjamisréttis, kvenhaturs og kynferðis, verði gerð refsiverð.





Ástæður þess að fólk, aðallega konur og kvár, leiðist út í vændi eru að stærstum hluta vegna fjárskorts. Þess vegna er efnahagslegt sjálfstæði ekki síður en yfirráð yfir eigin líkama lykilþáttur í að koma í veg fyrir þetta ofbeldi. Hvernig svo sem fólk skilgreinir vændi, telja flest mikilvægt að vera með útgönguleið á félagslegum forsendum.

STJÓRNVÖLD ÞURFA AÐ:

- Tryggja afkomu, húsnæði og vernd til að auðvelda fólk að komast úr vændi og/eða mansali.